

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK



Akranesi 22.5.2017

Tilvísun: V201705004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 408. mál

Landmælingar Íslands vísa til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 16. maí 2017 þar sem boðið var að veita umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 408. mál. Landmælingar Íslands vilja koma eftirfarandi upplýsingum um strandlínu Íslands á framfæri vegna frumvarpsins:

Strandlína er mikilvægur hluti af stjórnsýslueiningum hvers þjóðríkis ásamt t.d. mörkum sveitarfélaga, þjóðgarða, friðlýstra svæða, landhelgi og efnahagslögu. Því er mikilvægt að mörk stjórnsýslueininga séu vel kortlögð eða mæld með ásættanlegri nákvæmni til að tryggja sem best góða stjórnsýslu og koma í veg fyrir ágreining. Lega strandlínu Íslands í náttúrunni er víða óljós hvort heldur er þegar miðað er við efstu sjávarstöðu, meðalsjávarhæð eða lægstu sjávarstöðu. Þetta á sérstaklega við grunnsævi og þar sem mikið er um eyjar og sker. Þetta er staðan þrátt fyrir mikla hagsmuni og að í ýmsum lögum og reglugerðum sé vísað í netalög (sem miða við 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði), auk ýmissa reglugerða sem vísa beint til stórstraumsfjöruborðs.

Vandamál varðandi óljósa strandlínu og stórstraumsfjöruborð Íslands hafa undanfarin ár komið upp í stjórnsýslunni einkum þar sem hagsmunir rekast á. Eftirfarandi eru dæmi um nýlegar tillögur til úrbóta í þessum málum, sem ekki hafa komið til framkvæmda eða verið teknar til nánari skoðunar :

Í þingsályktun um Landskipulag sem nýlega var samþykkt á Alþingi er fjallað um skilgreiningu á strandlínu:

„4.2.3 Skilgreining á strandlínu.

Landmælingar Íslands, í samráði við hlutaðeigandi stofnanir, vinni að því að skilgreina strandlínu, eða núll-hæðarlínu, við þéttbýli og önnur byggð svæði þar sem hætta stafar af sjávarflóðum og vegna breytinga á sjávarborði í kjölfar loftslagsbreytinga.“

Í Aðgerðaáætlun um uppbyggingu, rekstur og viðhald grunngerðar fyrir stafrænar landupplýsingar sem gefin var út í desember 2013 og samþykkt af umhverfis- og auðlindaráðherra er talin mikil þörf á að mótaðar verði tillögur um öflun nýrra landupplýsinga í viðunandi nákvæmni þ.m.t. stórstraumsfjöruborð. Í skýrslunni segir m.a.:

„Að mótaðar verði tillögur um öflun nýrra gagna.


- Að komið verði upp landupplýsingagrunnum í viðunandi nákvæmni fyrir ríki og sveitarfélög í tengslum við heildarskipulag landupplýsinga.
- Samhliða verði unnið að öflun gagna í viðunandi nákvæmni á þeim sviðum sem þau skortir, svo sem gagnasett um landamerki landa og lóða, stórstraumsfjörumörk og strandlínu“.



Nái frumvarp um skipulag haf- og strandsvæða fram að ganga mun að öllum líkindum reyna fljótt á hvar lega strandlínu Íslands er og hvernig beri að skilgreina hana. Á grundvelli þess leggja Landmælingar Íslands til að gert verði ráð fyrir aðkomu stofnunarinnar í frumvarpinu við að mæla og skilgreina strandlínu landsins í samvinnu við aðra hagsmunaaðila eins og Sjósmælingasvið Landhelgisgæslu Íslands og sveitarfélög. Einnig verði tryggður farvegur fyrir fjármögnun þessa mikilvæga verkefnis sem mun eflaust taka nokkur ár.

Þess má að lokum geta að Landmælingar Íslands hafa afar góð tengsl við norsku kortastofnunina Karverket þar sem hægt er að nálgast mikla þekkingu og reynslu við að mæla og kortleggja strandlínu.

Bestu kveðjur



Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands